

# Leiðbeiningar

## um skyldu flugrekenda vegna COVID-19 í millilandaflugi

Leiðbeiningar þessar byggja á reglugerð nr. [1669/2021](#) um skyldu flugrekenda til að kanna vottorð vegna COVID-19 í millilandaflugi sem kemur í stað reglugerðar nr. 650/2021 um sama efni og tekur gildi 1. janúar 2022.

### Gildissvið

Reglugerðin gildir um flugrekendur/umráðendur loftfara og farþega með loftförum í millilandaflugi til íslensks yfirráðasvæðis, að undanskildum loftförum í yfirflugi, loftförum í flutningaflugi með farm, loftförum í neyð og loftför sem eiga viðkomu án þess að farþegar fari í gegnum landamæraeftirlit.

### Skylda flugrekenda/umráðanda loftfars

#### 1. Kanna forskráningu og vottorð

Flugrekanda/umráðanda loftfars ber að kanna, áður en farþegi fer um borð í loftfar, hvort farþegi hafi:

- fullnægt skyldu til [forskráningar](#) og
- hafi tilskilið viðurkennt vottorð:
  - [um ónæmisáðgerð/bólusetningu vegna COVID-19 \(SARS-CoV-2\)](#) eða
  - [um að COVID-19 \(SARS-CoV-2\) sýking sé afstaðin](#) eða
  - [um staðfestingu á neikvæðri niðurstöðu prófs gegn COVID-19 \(SARS-CoV-2\)](#)

Enda hafi slík skylda verið lögð á farþega á grundvelli sóttvarnarlagu sbr. [vef embættis landlæknis](#).

#### 2. Tilkynna löggæsluyfirvöldum á Íslandi um komu farþega

Geti farþegi ekki sýnt fram á eitthvert framangreindra vottorða ber flugrekanda að **tilkynna löggæsluyfirvöldum á Íslandi** um komu viðkomandi farþegans til landsins.

Tilkynning um nafn farþega, vegabréfsnúmer og flugnúmer skal **tilkynna eins fljótt og auðið er** og eigi síðar en áætlað er að flug viðkomandi farþega lendi á íslenskum flugvelli.

Senda skal tilkynningu á netfangið: [lss.kefairport@police.is](mailto:lss.kefairport@police.is)

#### 3. Upplýsa farþega um afleiðingar þess að ferðast án tilskilinna vottorða

Flugrekanda ber jafnframt að upplýsa farþega, sem getur ekki framvísað tilskildum framangreindum vottorðum, um hvaða afleiðingar það kunnir að hafa við komuna til landsins. Fer það eftir [reglugerð um sóttkví og einangrun og sóttvarnarráðstafanir á landamærum Íslands vegna COVID-19](#), eins og hún er á hverjum tíma.

### Könnun vottorða

Skyldur flugrekenda/umráðenda loftfara til að kanna hvort farþegi hafi framangreind tilskilin vottorð eða staðfestingu, ná aðeins til þess að:

- staðreyna nafn farþega á vottorði eða staðfestingu

- staðreyna gildis- og útgáfutíma skjals (ef við á) og
- kanna hvort vottorð eða staðfesting beri með sér yfirbragð þess að vera vottorð eða staðfesting í samræmi við fyrirmæli heilbrigðisyfirvalda.

## Stjórnvaldssekt Samgöngustofu

Samgöngustofa getur lagt stjórnvaldssekt á flugrekanda/umráðanda loftfars eins og hér segir:

- a. Brot gegn skyldu til að kanna hvort farþegi hafi tilskilið vottorð eða staðfestingu varðar stjórnvaldssekt kr. 200.000 fyrir hvert brot vegna sérhvers farþega.
- b. Brot gegn skyldu til að tilkynna löggæsluyfirvöldum um farþega sem ferðast án tilskilins vottorðs eða staðfestingar varðar stjórnvaldssekt kr. 200.000 fyrir hvert brot vegna sérhvers farþega.
- c. Brot gegn skyldu til að upplýsa farþega um afleiðingar þess ef farþegi hefur ekki forskráð sig eða framvísað tilskildu vottorði eða staðfestingu, varðar stjórnvaldssekt kr. 200.000 fyrir hvert brot vegna sérhvers farþega.

Ákvörðun Samgöngustofu um stjórnvaldssekt skal tilkynnt á sannanlegan hátt þeim sem hún beinist að. Gera má lögaðila sekt fyrir brot skv. reglugerðinni óháð því hvort sök verði sönnuð á tiltekið fyrirsvarsfólk lögaðilans, starfsfólk hans eða annan aðila sem starfar á vegum hans.

## Málsmeðferð og kærueimild

Ákvörðun um stjórnvaldssekt má skjóta til ráðherra samkvæmt stjórnslutölum. Málsmeðferð fer að öðru leyti skv. bráðabirgðaákvæði V við lög um loftferðir, [nr. 60/1998](#), með síðari breytingum, sbr. lög [nr. 41/2021](#) og [nr. 135/2021](#) (skyldur flugrekenda vegna COVID-19) og reglugerð um skyldu flugrekenda til að kanna vottorð vegna COVID-19 í millilandaflugi með síðari breytingum, [nr. 1669/2021](#).